


Fyrir hverja

Ævisafn III er fyrir þá sem vilja vera í blönduðu verðbréfasafni og þola litlar sveiflur á ávöxtun.



- Skuldaráhætta (tapsáhætta)
- Markaðsáhætta (sveiflur í ávöxtun)

Nánar, sjá baksíðu.

Upplýsingar

Stofndagur: 1. júlí 1998
Fjöldi sjóðfélaga: 1.789
Heildarstærð m.kr: 2.763

Frá ávöxtun safnsins dregst hlutdeild í rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður Almenna lífeyrissjóðsins er 0,35% af meðaleignum.

Kennitölur og tölfræði

Meðaltími skuldabréfa: 8,2 ár

Staðalfrávik ávöxtunar: 4,71%
5% VaR(mán. tímabil): -2,04%
Sharpe hlutfall: -0,84

Útreikningar miðast við mánaðarleg gildi sl. 3 ár.
Nánar um kennitölur og tölfræði, sjá baksíðu.

Fjárfestingarstefna

Eignasamsetning skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

	Stefna	Lágmark	Hámarg
Skuldabréf	80%	70%	97%
Innlán	7%	0%	37%
Ríkisskuldabréf			
Íslensk	38%	13%	58%
Erlend	2%	0%	9%
Hlutabréf	20%	3%	30%
Innlend	1%	0%	1%
Erlend	19%	2%	29%
Meðaltími	4,5 ár	3 ár	9 ár

Hlutabréf vega minna af eignum en stefnt er að samkvæmt fjárfestingarstefnu. Vegna tímabundinna gjaldeyrishafta getur sjóðurinn ekki náð stefnu um erlend hlutabréf.

Nánari upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn
Borgartúni 25, 105 Reykjavík
Sími 510-2500
Fax 510-2550
almenni@almenni.is
www.almenni.is

Um safnið

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að ávaxta lífeyrissparnað sinn í dreifðu eignasafni sem fjárfestir í innlendum og erlendum verðbréfum.

Ævisafn III hentar þeim sem eru að ávaxta lífeyrissparnað sinn og vilja taka litla áhættu. Þetta safn hentar best fyrir sjóðfélaga sem eru 60 ára og eldri. Ávöxtunartími lífeyrisneignar í þessu safni er að jafnaði 5-10 ár. Markmið safnsins er að tryggja sjóðfélögum jafna og góða ávöxtun með auknu vægi skuldabréfa. Eignir í hlutabréfum eru vel dreifðar á lönd, atvinnugreinar og mikinn fjölda félaga. Safnið fjárfestir nær eingöngu í hlutabréfasjóðum með mikilli áhættudreifingu og því hefur afkoma og gengisþróun einstakra fyrirtækja (og gjaldþrot) lítil áhrif á heildarávöxtun. Til að dreifa áhættu er stefnt að því að helmingur hlutabréfasjóða séu markaðstengdir sjóðir.

Orðsending sjóðstjóra

Ævisafn III hækkaði í janúar um 1,5% og hefur hækkað um 1,5% á árinu. Þróun á innlendum skuldabréfamarkaði hafði afgerandi áhrif á ávöxtun safnsins á árinu 2011 og skilaði stærstum hluta af ávöxtun ársins. Á árinu hefur heimsvísitala hlutabréfa í USD (MSCI World) hækkað um 5,0% en hækkað um 5,1% í íslenskum krónum þar sem íslenska krónan hefur veikt um 0,1% gangvart USD. Hlutfall erlenda eigna í safninu er 11,7%

Innlendi skuldabréfahluti safnsins (69,8%) hefur skilað ágættri ávöxtun á árinu vegna lækunar á ávöxtunarkröfu innlendra ríkisskuldabréfa. Ávöxtunarkrafa langra verðtryggðra bréfa er nú um 2,5%. Markaðsvirði innlendra skuldabréfa hækkaði vegna áhrifa mikillar eftirspurnar og skorts á fjárfestingakostum, einkum vegna gjaldeyrishafta.

Eignasamsetning

Flokkur	Vægi	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Innlend skuldabréf	69,8%	Frá áramótum 1,5%	1,1%
Innlend hlutabréf	0,7%	Sl. 1 ár 10,8%	5,2%
Erlend verðbréf	10,4%	Sl. 3 ár 2,4%	-2,6%
Erlend skuldabréf	1,3%	Sl. 5 ár -0,4%	-7,4%
Innlán	17,8%	Sl. 10 ár 4,9%	-0,8%
	100,0%	Frá stofnun 5,9%	0,3%

Ávöxtun er á ársgrundvelli fyrir tímabil lengra en 1 ár


10 stærstu útgæfendur

Skuldabréf	Vægi	Hlutabréf	Vægi
Ísland - ríkisskuldabréf	38,8%	Pfizer Inc	0,1%
Sjóðfélagalán (Fjöldi: 2.013)	16,6%	Oracle Corporation	0,1%
Lánasjóður sveitarfélaga	2,1%	Apple, Inc.	0,1%
Reykjavík	1,9%	Tyco International Ltd	0,1%
Landsvirkjun	1,3%	Citigroup Inc	0,1%
Kópavogur	1,0%	Vodafone Group PLC	0,1%
Icelandair	0,8%	Siemens AG	0,1%
Skipti	0,8%	Hutchison Whampoa Ltd	0,1%
Det Norske Oljeselskap	0,7%	Exxon Mobil Corporation	0,1%
Bandaríkin - ríkisskuldabréf	0,7%	OAO Gazprom ADR	0,1%

Útgæfendur samtals: ~um 150

Fyrirtæki samtals: ~um 1.730

Gengisþróun sl. 10 ár



Gengisþróun sl. 1 ár



Almennar upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn er lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfsgreina-sjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

Séreignarsjóður

Ævisafn III er hluti af séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga færð á sérreikning hans auk vaxta og verðbóta. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru séreign hans en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Inneign í séreignarsjóði erfirst við fráfall sjóðfélaga og er greidd út samkvæmt erfðareglum. Hefja má töku lífeyris úr séreignarsjóðum við 60 ára aldur. Ef sjóðfélagi verður öryrki og verður sannanlega fyrir tekjumissi getur hann tekið inneign sína út.


Séreignarsjóður í stuttu máli.

- Inneign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.
- Inneign í séreignarsjóði erfirst.
- Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum.
- Hægt er að nýta persónuafslátt við útgreiðslu.
- Fjármagnstekjuskattur greiðist ekki af vaxtatekjum í lífeyrissjóði.



Fyrirvari um eignamat

Nokkur óvissa er um eignamat vegna efnahagshrunsins. Eignir eru metnar með varúðaraskrifnum í samræði við endurskoðendur sjóðsins. Afleiðusamningar eru færðir m.v. verstu mögulegu niðurstöðu ásamt dráttarvöxtum. Í endanlegu uppgjöri munu endurheimtur krafna í einhverjum tilvikum verða meiri og í einhverjum tilvikum minni.

Landskipting erlendra eigna



*BRIC – Brasil, Rússland, Indland, Kína



Kennitölur og tölfraeði

Flökt/Staðalfrávik (e. Standard Deviation)

Flöktið mælir sveiflur frá meðalávöxtun. Lágt staðalfrávik gefur til kynna að útkoman sé yfirleitt nálægt meðaltali en hátt staðalfrávik segir að mikill breytileiki geti verið á útkomu eða miklar sveiflur á ávöxtun.

$$\sigma = \sqrt{\frac{1}{N-1} \sum_{i=1}^N (C_i - \bar{C})^2}$$

- Ávöxtun safnsins
- Meðalávöxtun safnsins
- Fjöldi mælinga

VaR/Fé í húfi (e. Value at Risk)

Með VaR / fé í húfi er átt við hve mikið er talið að virði eignasafns geti rýrnað á tilteknu tímabili undir eðlilegum kringumstæðum. 5% VaR þýðir að á einum mánuði á ákveðnu tímabili þá eru 5% líkur að safn muni falla í verði um x% eða meira. Hægt er því að margfalda inneignina sína í safninu við hlutfallstöluna sem birt er við VaR á upplýsingablaðinu til að vita krónu upphæð sem er áhættuvirði.

Til dæmis, ef eignasafn verðbréfa hefur einn mánuð 5%-VaR x% eru 5% líkur á því að safnið muni falla í verði um x% eða meira á einum mánuði. Þetta er jafngilt að segja að það er hugsanlegt tap upp á x% eða meira á þessari eign á einum mánuði af tuttugu.

Sharpe-hlutfall

Sharpe hlutfallið er mælikvarði á ávöxtun að teknu tilliti til áhættu (staðalfrávik ávöxtunar safnsins). Í samanburði milli ávöxtunarleiða gefur hærra Sharpe hlutfall til kynna að meiri líkur séu á því að ávöxtun safns verði umfram ávöxtun áhættulausrar eignar að teknu tilliti til áhættu safnsins. Jákvætt Sharpe hlutfall gefur til kynna að viðkomandi safn hafi gefið ávöxtun umfram áhættulausa eign að teknu tilliti til áhættu í safninu. Aftur á móti er neikvætt Sharpe hlutfall gagnlegt í samanburði milli ávöxtunarleiða og því lægri neikvæða tölu sem safn hefur er það líklegra til að gefa ávöxtun umfram áhættulausa eign að teknu tilliti til undirliggjandi áhættu.

$$\text{Sharpe} = \frac{R - R_f}{\sigma}$$

- Ávöxtun safnsins
- Áhættulausir vextir
- Staðalfrávik safnsins

Um skuldara- og markaðsáættu

Skuldaraáættu

Skuldaraáættu er sú áættu að fjárfesting tapist vegna gjaldþrots útgefanda verðbréfs eða þess sem á að inna af hendi greiðslu. Skuldaraáættu er mismikil meðal útgefanda. Skuldaraáættu er talin lítil ef skuldabréf er með ríkisábyrgð. Skuldaraáættu er meiri ef um skuldabréf fyrirtækja er að ræða. Skuldaraáættu minnkar með auknum fjölda útgefanda í söfnum.

Markaðsáættu

Megin markaðsáættu er tengist skuldabréfum eru breytingar á vaxtagildi á viðkomandi markaði. Breytingar á verði skuldabréfa til langs tíma eru meiri en skuldabréfa til stutts tíma við sömu breytingu á ávöxtunarkröfu. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og fela því í sér meiri markaðsáættu en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma. Markaðsáættu skuldabréfasjóða er hægt að mæla með meðallíftíma þeirra sem er núvirði á vagnu meðaltali gjalddaga í greiðslufæðni allra skuldabréfa sjóðsins. Markaðsáættu minnkar með sparnaðartíma því þá minnka áhrif einstakra sveifna og jafnast út með tímabilum hórr og lágrar ávöxtunar.